

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi í landi Innri-Kóngsbakka í Helgafellssveit.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Helgafellssveitar breytingu á deiliskipulagi Innri-Kóngsbakka.

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér að lóðinni nr. 3 við Konungsbraut er skipt upp í tvær lóðir nr. 3 og nr. 5 við Konungsbraut. Heimilt er að byggja þar tvö heilsársíbúðarhús, einnar hæðar, með eða án svefnlofts. Einnig felur deiliskipulagsbreytingin í sér nýjan aðkomuveg og bílastæði fyrir lóð nr. 5 við Konungsbraut. Lóð, byggingarreitur og bílastæði, að Amtmannsstíg 8 er felld niður.

Deiliskipulagsáætlunin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

*Borgarnesi, 30. desember 2010.*

**Jökull Helgason**, skipulagsfulltrúi Helgafellssveitar.

---

B-deild – Útgáfud.: 14. janúar 2011